

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá - Skýrsla nr. 19

Bátaskrá Tækniminjasafns Austurlands, Seyðisfirði



Helgi Máni Sigurðsson

2019

Inngangur

Tækniminjasafn Austurlands safnar, varðveitir og skráir muni og minjar um tækninvæðingu Austurlands. Ennfremur safnar það frásögnum og öðrum heimildum um minjarnar og verkkunnáttu sem þeim tengist. Tækniminjasafnið sýnir hvernig tæknibreytingar sem snúa að véltækni, rafmagni, fjarskiptum, samgöngum og byggingarlist eru samofnar breytingum á lífnaðarháttum og umhverfi. Safnið er staðsett á svokallaðri Wathnestorfu á Seyðisfirði en þar er að finna meðal annars svokallað Wathneshús og Vélsmiðju Jóhanns Hanssonar. Þá er safnið einnig byggðasafn Seyðfirðinga.

Efnisyfirlit

Guðrún Helga	3
Auðbjörg NS 200	7

Mynd á forsíðu: Auðbjörg NS 200. Ljósmynd: Rudiger Þór 2017



Guðrún Helga SU 25. Ljós. HMS 2018

Guðrún Helga SU 25

1. Skipaskrárnúmer: 5648

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Pétur Kristjánsson / Tækniminjasafn Austurlands

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

Eigendur ókunnir fyrir 1972.

- 1972: Óskar Hlíðberg, Sandgerði

- 1980: Sigurjón Kristinsson o.fl., Seyðisfirði

- 1985: Pétur Kristjánsson, Seyðisfirði¹

Pétur var formlegur eigandi árið 2019 en hugðist afhenda safninu bátinn.

6. Varðveislustaður: Í fyrrum íshúsi Garðarsfélagsins, Seyðisfirði

7. Smíðaár: 1927

8. Smiður:

9. Smíðastaður: Þórshöfn í Færeyjum

¹ Jón Björnsson bls. 41

Siglingasamtökinn ríkinn Kyttublað nr. 17

Mælibréf.
(Opnir bátar).

Undirritaður vottar hér með, að GUÐRÚN HELGA SU 25

sem heima á í Fæskirðarvíð

samkvæmt þor um gáðandi ákvæðum er mælt 2,25 rúmlestir nettó.

Aðalmál skipins, lýsing þess m. m. og rúmlestafjöldi eftir reglu þannig:

Lengd milli stafna að innan	7,40
Breidd miðskipa milli innviða	2,00
Dýpt, miðskipa, frá hástaðk á kjöl	0,80

Smíðaskerfni	Rúmlestafjöldi bröttó 2,25
Smíðastadur Færeyjar	
Smíðarár 1972	
Smíðameistari Skinnar	
Siglaþjálfi	
Lýsing á framskipinu Lotað stefni	
Lýsing á afturskipinu Skutubjúgt	
Smíði úr Fura og eik	Rúmlestafjöldi nettó 2,25
Innséð	
Aðrar upplýsingar Y61: Skode 12-14 100	
Waco gert við bátinn á	
Fæskirðarvíð 1941 og 1972.	

Mælibréf fyrir Guðrúnu Helgu SU 25 árið 1972.



Guðrún Helga SU, skuturinn. Sett hafði verið á hann plastkvoða, fyrir sennilega 30 árum eða svo, sem reyndist vel en er farin að flagna eins og sjá má. Ljós m.: HMS 2018

10. Brúttórúmlestir: 2,25

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,5 x 2,13 x 1,05 ²

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag: Lotað stefni, afturskip skutbjúgt ³

14. Þilför:

² Mælt 20.7. 2018, ytra mál. Samkvæmt mælibréfi árið 1972 er hann 7,4 x 2,0 x 0,8

³ Skv. mælibréfi 1972


15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður); stýrishúsið vantar

16. Lokuð rými: Vélarhús, sem vantar

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Skoda

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Guðrún Helga SU. Myndin er sennilega tekin um 1980 og sýnir m.a. stýrishúsið. Ljós. Jón Björnsson

20. Notkunarsaga:

Guðrún Helga er tæplega aldar gömul. En lítið er vitað um sögu bátsins til ársins 1972 annað en að mikið var gert við hann á Fáskrúðsfirði árið 1941 og aftur 1971.⁴ Óskar Hlíðberg (1936-1979), Sandgerði, átti bátinn 1972-1979. ⁵ 1980 er hann seldur til Seyðisfjarðar.

Pétur Kristjánsson, safnvörður á Tækniminjasafni Austurlands, þjóðfræðingur, síðasti eigandinn, keypti bátinn árið 1985 og gerði hann út í nokkur ár. Síðan tók hann bátinn á land og setti í geymslu úti í sveit. Þar varð hann fyrir því að skotið var á stýrishúsið og það brotið. Síðar fauk báturinn og brotnaði enn frekar. Þá var hann settur inn í hús.

Samkvæmt Pétri er báturinn sjálfausandi. Hann segir að báturinn hafi verið negldur upp tvisvar. Í stýrishúsinu hafi verið stýri. Báturinn hafi lengst af verið óskráður vegna smæðar.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn var endurbyggður bæði 1941 og 1971. Ekki er vitað hvað var gert en sennilega hefur honum ekki verið breytt í meginatriðum.

24. Viðhald og viðgerðir:

⁴ Skv. mælibréfi 1972

⁵ Minningargrein 8.8. 1979

Viðhald á bátnum hefur verið lítið síðustu 30 árin. Hins vegar hefur hann orðið fyrir ýmsum skakkaföllum og ekki verið lagfærður á eftir. Hann nýtur sennilega góðs af því að einhvern tíma var borin á hann plastkvoða sem komið hefur í veg fyrir fúa í byrðingnum að miklu leyti.



Guðrún Helga SU. Borðstokkur og byrðingur eru brotnir eftir að báturinn fauk. Ljós. HMS 2018

25. Heimildir:

- Pétur Kristjánsson safnstjóri viðtal 21.6. og 20.7. 2018
- Jóni Björnsson: Íslensk skip. Bátar 4. Rvk. 1999
- Siglingastofnun: Mælibréf 16. ágúst 1972
- Sigurveig Þorleifsdóttir: Óskar Hlíðberg. Minningarorð 8. ágúst 1979. Morgunblaðið

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; í umsjá Tækniminjasafnsins

27. Almenn umsögn:

Þetta er einn af fáum Færeya-smíðuðum bátum á fornbataskrá. Samskipti Austfirðinga við Færeyinga hafa löngum verið mikil, meiri en annarra Íslendinga. Kanna þarf betur sögu bátsins.



Pétur Kristjánsson, formlegur eigandi Guðrúnar Helgu SU síðan 1985. Ljós. HMS.



Auðbjörg NS 200 í slippnum á Seyðisfirði. Myndirnar eru teknar með árs millibili. Efri mynd: Rudiger Þór 2017. Neðri mynd: HMS 2018

Auðbjörg NS 200

1. Skipaskrárnúmer: 304
2. Tegund: Þilfarsbátur; vélbátur
3. Hlutverk: Fiskibátur
4. Eigandi: Tækniminjasafn Austurlands

5. Fyrri nöfn og eigendur:

- 1963: Ágúst Sigurjónsson og Guðmundur Emilsson, Seyðisfirði.
- 1975: Ágúst Sigurjónsson, Seyðisfirði ⁶
- 1984: Sami eigandi ⁷
- 1993: Skráðir eigendur eru Páll Ágústsson o.fl. ⁸
- 2000-2005: Páll Ágústsson gefur Tækniminjasafninu bátinn ⁹

6. Varðveislustaður: Slippurinn á Seyðisfirði



Auðbjörg NS 200, framdekk og stefni. Ljósmynd: HMS 2018

7. Smíðaár: 1963

8. Smiður og yfirsmiður: Oddaverkstæðið; Einar Sigurðsson bátasmiður

9. Smíðastaður: Fáskrúðsfjörður

10. Brúttórúmlestir: 11

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 12,3 x 3,36 x 1,25 ¹⁰

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Eik og fura; sléttsúðungur

13. Skrokklag:

14. Þilför: Alþilja

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður), lúkarskappi

16. Lokuð rými: Lúkar, lest, vélarrúm

17. Möstur og seglabúnaður: Frammastur úr stáli með bómu

18. Vél:

- 1963: Lister dísel 54 hö
- 1964: Volvo Penta 87 hö

⁶ Jón Björnsson bls. 187

⁷ Íslenskt sjómannaalmanak 1984 bls. 466-467

⁸ Íslenskt sjómannaalmanak 1993 bls. 542

⁹ Pétur Kristjánsson viðtal

¹⁰ Íslenskt sjómannaalmanak 1967 segir að báturinn sé 10,8 m að lengd. Í almanakinu 1977 og síðar er lengdin skráð 12,3 m.

- 1983: Volvo Penta 106 hö ¹¹

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Auðbjörg NS 200, stýrishús og vélarúm. Ljósmynd: HMS 2018



Auðbjörg NS 200 á floti. Ljósm. Hafþór Hreiðarsson

20. Notkunarsaga:

Auðbjörg var gerð út frá Seyðisfirði allt frá fyrsta ári, 1963, fram undir aldamót 2000. Fljótlega eftir það var hún gefin á Tækniminjasafnið.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

¹¹ Jón Björnsson: Íslensk skip II, Rvk. 1990, bls. 187

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki - breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Nær ekkert viðhald hefur farið fram á bátnum síðustu 20 árin. Menn í bænum munu hafa boðist til að skrapa hann og mála. En safnstjóri Tækniminasafnsins hafi verið því mótfallinn. Hann hafi viljað fá fyrst úr því skorið hvort bátinn ætti að gera sjófæran, hvort hann ætti að vera á þurru landi, snyrtilegur, úti eða inni. Hann hefur sótt oftast en einu sinni um styrk til Fornleifasjóðs til að gera úttekt á bátnum en fengið neitun. Safnstjórinn telur að ekkert sé nú heilt í bátnum nema eikin, skelin. Það sé líka verðmætast. Hann hafi á sínum tíma tekið við bátnum af því að hann hafi ekki verið mjög gamall. Þá hafi verið meira heilt í honum. En það virtist vinna gegn honum við styrkveitingar. Sænskur maður sem kom til bæjarins og leit á bátinn mælti eindregið með að tróðið væri tekið úr byrðingnum. Og tók að sér að gera það.¹²



Auðbjörg NS 200. Fúi í miðdekki. Ljósmynd: HMS 2018

25. Heimildir:

- Pétur Kristjánsson, viðtal við HMS 20.7. 2018
- Jón Björnsson: Íslensk skip II, Rvk. 1990, bls. 187
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967, Rvk. 1966, bls. 356
- Íslenskt sjómannaalmanak 1984, Rvk. 1983, bls. 466-467
- visitseydisfjordur.is 22.6. 2018
- aust.is: Bæjartákn Fáskrúðsfjarðar. 8. maí 2014
- Þórhallur Guttormsson: Öld frá fæðingu athafnamanns. Mbl. 5. júlí 1997. Lesbók.

¹² Pétur Kristjánsson viðtal 20.7. 2018



Auðbjörg NS 200, skutur. Ljósmynd: HMS 2018

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn

Báturinn er einn af síðustu bátunum sem Einar Sigurðsson skipasmiður smíðaði. Hann var smíðaður eftir nokkurn veginn sömu teikningu og Rex NS 3 sem Fáskrúðsfirðingar hafa gert upp á myndarlegan hátt. Báturinn er sennilega of illa farinn til að það borgi sig að gera við hann. En það er hægt ef vilji er fyrir því. Að varðveita aðeins eikarskelina er ekki mikils virði.



Slippurinn á Seyðisfirði. Hvíta húsið fyrir miðri mynd er Vélsmiðja Jóhanns Hanssonar. Á vinstri hönd sést í Auðbjörgu NS 200. Ljós.: visitseydisfjordur.is